



HEIÐARSKÓLI

1. tbl. 1.árg. - september 1999

Inngangsorð

Fyrir hönd starfsfólks Heiðarskóla býð ég alla nemendur velkomna í skólann og einnig foreldra velkomna til samstarfs við okkur.

Það hlýtur að verða sameiginlegt metnaðarmál okkar allra að í þessu nýja og glæsilega skólahúsnæði megi verða árangursríkt og ánægjulegt skólastarf. Ein af forsendum þess er gott samstarf milli heimila og skóla.

Þessum litla bæklingi er ætlað að koma gagnlegum upplýsingum um skólastarfið til foreldra eða forráðamanna nemenda. Hér eru ekki tæmandi upplýsingar og því eru foreldrar eða forráðamenn hvattir til þess að nýta sér viðtalstíma kennara eða að hafa samband við skólastjórnendur ef þeir vilja frekari upplýsingar.

Með ósk um farsælt samstarf.

Fyrir hönd starfsfólks Heiðarskóla

*Árný Inga Pálsdóttir
skólastjóri*

Aðaláherslur og markmið skólans

Skólanum eru sett markmið með grunnskólalögum og aðalnámsskrá. Hver skóli verður að móta sínar leiðir til þess að ná þessum markmiðum og setur þær fram í skólanámsskrá. Skólanámsskráin á að ná til allra þátta skólastarfsins og stuðla að samræmi í námi nemenda. Það er mikil vinna sem liggur að baki samningu slíkrar námsskrár og þurfa allir kennarar skólans og stjórnendur að leggja sitt af mörkum til þeirrar vinnu. Hafist verður handa við námskrárgerðina strax í vetur og við setjum okkur það markmið að ákveðinn rammi að skólanámsskrá verði tilbúinn fyrir skólaárið 2000 - 2001.

Áhersla verður lögð á...

- listir og skapandi starf
- íþróttir og hollar lífsvenjur
- verkgreinar
- sjálfstæð vinnubrögð
- samvinnu
- jákvæðan aga

Við viljum að nemendur okkar verði...

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksfúsir
- fordómalausir
- viðsýnir

Húsnæðið / fjöldinn

Heiðarskóli er hannaður sem einsetinn 2ja hliðstæðna grunnskóli fyrir 1.-10. bekk. Í skólanum eru 18 almennar kennslustofur, tvær raungreinastofur, hússtjórnarstofa, handavinnustofa, myndmenntarstofa, tónmenntarstofa og verkmenntarstofa. Auk þessa eru í skólanum þrjár kennslustofur ætlaðar til tónlistarkennslu, fjölnotastofur, félagsrými, mótuneyti, ásamt sundlaug og íþróttahúsi. Verið er að leggja lokað hönd á byggingu skólans en íþróttahús og sundlaug verða þó fyrst tilbúin í lok nóvember. Skólinn er einsetinn. Kennt er frá kl. 8:10-15:30. Skóladegi yngstu nemendanna lýkur kl. 13:20. Skólaárið 1999-2000 verða 464 nemendur í Heiðarskóla í 21 bekkjardeild.

Aðkoma að skólanum

Bílastæði eru við Heiðarhvam. Þeir sem aka börnum sínum í skólann eru beðnir að nota hringaksturinn við Heiðarhvam.

Þrír inngangar

- **Aðalinngangur sunnanmegin.** Þaðan er gengið inn í félagsrými skólans og skrifstofur sem eru á annarri hæð. Nemendur nota ekki þennan inngang á skólatíma.
- **Vestur inngangur** við Heiðarból. Þar ganga inn nemendur í 1.- 6. bekk.
- **Austur inngangur.** Þar ganga inn nemendur í 7.- 10. bekk.

Skrifstofa skólans

Opin alla virka daga frá kl. 7:45 til 15:30.

Forföll / leyfi nemenda

Foreldrar eru beðnir að tilkynna forföll barna sinna eins fljótt og mögulegt er á skrifstofu skólans. Umsjónarkennarar geta veitt nemendum leyfi úr einstökum kennslustundum og allt að einum degi að ósk foreldra. Sækja þarf skriflega til skólastjómenda um lengri leyfi.

Forföll kennara

Það getur verið erfitt að fá kennara til þess að kenna í forföllum, sérstaklega ef kennari forfallast fyrirvaralaust. Nemendur í 1. - 3. bekk hafa forgang í

þessum efnum og eru ekki sendir heim. Nemendur í eldri bekkjum eru sendir heim í einstaka tilfellum en það skal tekið skýrt fram að slíkt er ekki gert nema ef ekki finnst önnur lausn.

Meðferð agabrota

Ef nemendur brjóta gegn reglum skólans verður þeim veitt áminning sem er færð inn á sérstakt eyðublað. Ef nemendi brýtur ítrekað reglur skólans þá hlutast umsjónarkennari til um að finna lausn á vandanum með foreldrum, nemandanum og skólastjórnum.

Samstarfsdagar kennara

Samstarfsdagar kennara eru vinnudagar. Þá vinna þeir að undirbúningi skólastarfsins, sitja samráðsfundi, endurmennta sig o.s.frv. Samstarfsdagar mega vera fimm á hverju skólaári. Skv. kjarasamningi kennara skulu kennarar ekki starfa fleiri daga en 175 á skólaári (1.sept.-31.mai). Á þessu skólaári eru hins vegar 178 virkir dagar og verður því að gefa vetrarfri í 3 daga þ.e. 29.okt, 1.nóv. og 20. des.

Starfsfólk

Ritari: Þorbjörg Óskarsdóttir
Húsvörður: Örn Bergsteinsson
Matráðskonur: Alda Jónsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir, Margrét Vilmarisdóttir og Þóra Aradóttir
Skólaliðar: Dagfríður Arnardóttir, Guðlaug Bárðardóttir, Jakobína B. Jónsdóttir, Málfríður A. Danielsdóttir og Sjöfn Eysteinsdóttir
Stuðningsfulltrúar: Anna Þóra Þorhallsdóttir, Guðný Kristjánsdóttir, Harpa Eiríksdóttir og Hafðís Lilja Guðlaugsdóttir
Skólagæsla: Málfríður Waage

Viðtalstímar kennara:

Auður H. Jónatansdóttir 1.A þri. kl. 13:30 - 14:10.
Árný Inga Pálsdóttir skólastj. e. samk. kl. 8:00 - 16:00
Björn Víkingur Skúlason 10.U mið. kl. 12:40 - 13:20.
Brynjar Harðarson bókasafn fim. kl. 11:20 - 12:00.
Eðvarð Þór Eðvarðsson raungr. mið. kl. 9:10 - 9:50.
Elín Gunnarsdóttir 9.S.- sund mið. kl. 14:10 - 14:50.
Guðbjörg Glöð Logadóttir 5.J mán. kl. 12:40 - 13:20.
Guðmundur E. Herm. 8.R.- tónm. þri. kl. 12:40 - 13:20.
Guðni Björn Kjærbo 9.T.- uppl. mið. kl. 9:50 - 10:30.
Gunnar Þór Jónsson aðst.skólastj. e. samk. kl. 8:00 - 16:00.
Hallfríður Benediktsdóttir 2.E mán. kl. 10:30 - 11:10.
Inger Hallsdóttir 10.V þri. kl. 8:50 - 9:30.
Ingbjörg Pálmadóttir 2.D mið. kl. 13:20 - 14:00.
Kristinn Óskarsson 7.N.- íþr. mið. kl. 11:20 - 13:00.
Kristjana Gunnarsdóttir íþróttir þri. kl. 10:30 - 11:10.
Leslie Pétursson enska fös. kl. 11:20 - 12:00.

Margrét Blöndal 3.F mið. kl. 8:50 - 9:30.
Margrét Jónsdóttir myndmennt mán. kl. 11:20 - 12:00.
María Júlíana Arnardóttir sérk. fim. kl. 13:20 - 14:00.
María Kristín Óskarsdóttir 3.G fös. kl. 12:40 - 13:20.
Málfríður Jóhannsdóttir 1.B þri. kl. 13:30 - 14:10.
Oddný Þóra Halldórsdóttir sérk. fim. kl. 10:30 - 11:10.
Ólöf Jónsdóttir heimilisfræði mán. kl. 11:20 - 12:00.
Ragnheiður Ragnarsdóttir 5.K fim. kl. 10:30 - 11:10.
Sigrún Eyjólfssdóttir 4.H mán. kl. 12:40 - 13:20.
Sigurbjörg Guðmundasóttir 1.C þri. kl. 13:30 - 14:10.
Sigurvin Bergþór Magnúss. 7.O.- íþr. mán. kl. 13:20 - 14:00.
Steinunn Njálssdóttir 8.P fim. kl. 9:50 - 10:30.
Steinþóra Eir Hjaltadóttir 6.M mið. kl. 8:50 - 9:30.
Sveindís Valdimarsdóttir handm. fim. kl. 11:20 - 12:00.
Vigdís Karlsdóttir sérkennsla mið. kl. 13:20 - 14:00.
Þóra Kristín Halldórsdóttir 6.L fös. kl. 10:30 - 11:10.
Þórdís Ása Þórisdóttir 4.I mán. kl. 11:20 - 12:00.

Skóladagurinn / frímínútur

● Kennsla hefst kl. 8:10.

Fyrstu frímínúturnar eru kl. 9:30 - 9:50. Þá fara nemendur í 1.- 6. bekk út, en eldri nemendur geta valið hvort þeir dvelja á sal skólans eða fara út.

● Hádegishlé í 4.-10. bekk kl. 12-12:40.

Nemendur er með öllu óheimilt að fara út af skólalóðinni hvort heldur er í hádegishléi eða á skólatíma. Ef foreldrar æskja þess að fá börn sín heim í hádegi, skulu þeir skila inn skriflegri umsókn á þar til gerðu blaði sem hægt er að nálgast á skrifstofu skólans.

● Næðisfundur 1.-3. bekk.

Næðisfundurinn er hluti af skóladegi barnanna og er þeim skylt að dvelja í skólanum á þessum tíma. Nemendur borða kl. 11:10 og eru bekkjarkennarar með þeim á matartímum. Að máltíð lokinni fara þau í útivist í umsjón skólaliða.

● Kennsla hefst að nýju kl. 12.

Stoðþjónusta skólans

Sérkennsla er stuðningur við nemanda eða nemendahópa sem þarfnast aðstoðar tímabundið eða til lengri tíma.

Ef upp koma vandamál í námi geta foreldrar sótt um sérstaka aðstoð eða sérkennslu til umsjónarkennara. Einnig geta kennarar haft frumkvæði að slíku. En sérkennsla er þó aldrei veitt nema að höfðu samráði við foreldra. Fagstjóri sérkennslu er Vigdís Karlsdóttir. Allir grunnskólar í Reykjanesbæ fá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu frá Skólaskrifstofunni sem staðsett er í Kjarna, Hafnargötu 57.

Nemendaverndarráð og eða foreldrar geta leitað eftir aðstoð vegna náms eða hegðunarerfiðleika einstakra nemenda. Það skal tekið fram að aldrei er leitað eftir aðstoð vegna einstakra nemenda, nema að fengnu samþykki foreldra.

Heilsugæsla

Heilsugæsla í Heiðarskóla er í umsjón Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Skólahjúkrunarfræðingur er Sif Gunnarsdóttir. Viðvera hennar er á föstudögum frá kl. 8:30 - 16:00.

Vilborg Jóhannesdóttir sjúkraliði mun sjá um flúorskolun aðra hverja viku. Hlutverk skólahjúkrunarfræðings er í samvinnu við skólalækni og kennara að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari og aðbúnaði í skóla og á heimilum.

Nemendaverndarráð

Í samræmi við grunnskólalög verður starfrækt nemendaverndarráð í Heiðarskóla. Ráðið fundar hvern

föstudag. Í því sitja skólastjórar, fagstjóri sérkennslu, kennari, sálfræðingur.

Hlutverk ráðsins er að gæta hagsmuna nemenda og takast á við ýmis vandamál sem upp koma. Kennarar vísa málum til ráðsins.

Foreldraráð

Skv. grunnskólalögum skal starfa foreldraráð við hvern grunnskóla. Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og eru þeir kosnir til tveggja ára. Foreldraráðinu er ætlað að:
- *sjalla um áætlanir og starfsemi skólans*
- *sjalla um skólanámskrá og gefa um þær umsagnir.*

Foreldraráðið hefur ekkert formlegt vald, en er formlegur vettvangur foreldra til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Foreldrafélag

Stofnfundur Foreldrafélags við Heiðarskóla verður þriðjud. 21. sept. kl. 20:00.

Foreldrasamstarf

Forsenda góðs skólustarfs er foreldrasamstarf. Gagnkvæm virðing þarf að ríkj milli heimila og skóla. Mikilvæg leið í þessu samstarfi er að foreldrar fái greinargóðar upplýsingar um starfsemi skólans og til hvers skólunnar ætlast af þeim og börnum þeirra.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar séu sáttir við starf skólans og styðji það. Börn tileinka sér gjarnan viðhorf foreldra sinna og taka þá sér til fyrirmyndar. *Því er mikilvægt að foreldrar temji sér að tala jákvætt um skólann er börnin heyra til.* Foreldrar eru hins vegar hvattir til að hafa samband við okkur sem í skólanum störfum ef þá skortir upplýsingar eða vilja koma á framfæri ábendingum um skólustarfið. Einfaldar ábendingar og skemmtilegar hugmyndir frá foreldrum geta stutt starf skólans.

Mötuneyti

Nemendur í 1.- 6. bekk borða nesti sitt öðru hvoru megin við frímínúturnar kl. 9:30 og les kennarinn þá gjarnan fyrir bekkinn. Nesti hafa nemendur með sér að heiman en geta fengið keypta drykki í skólanum.

Foreldrar eru beðnir að sjá til þess að nemendur hafi með sér hollt og gott nesti.

Nemendur í 7.- 10. bekk borða nesti sitt í frímínútum í mötuneyti skólans. Nemendur geta haft með sér nesti að heiman en einnig er hægt að kaupa sér hressingu í mötuneyti.

Nemendur geta keypt ákrift að hádegismat. Foreldrar skrá barn /börn sín í mat á skrifstofu skólans og er innheimt með giróseðli. Máltíðin kostar kr. 200.

Einnig er hægt að kaupa matarmiða 20 stk. á bæjarskrifstofunum, Tjarnargötu 12. Starfsfólk mötuneytis getur geymt kortin fyrir þá nemendur sem þess óska.

Að sjálfsgöðu geta nemendur haft með sér nesti að heiman.

Næðisfundur/hádegishlé brýtur upp langan skóladag nemenda í 1.-3. bekk og er 50 mín. Þá matast nemendur og fara í útivist í umsjón skólaliða.

Leiðir skólans til að koma frá sér uppl. eru eftirfarandi:

- Námskeið 23. september fyrir foreldra sex ára barna.
- Skólakynningar: 28 og 29 sept. Á skólakynningum fá foreldrar tækifæri til að skoða skólahúsnæðið. Kennarar gera grein fyrir námsefni vetrarins og hverjar áherslur þeirra eru í kennslu og vinnu með nemendahópinn.
- Fréttabréf verða send út eins oft og þörf er á.
- Formleg foreldraviðtöl.
- Simaviðtöl.

Félagsstarf

Umsjón með félagsstarfi nemenda í 7.-10. bekk hefur Björn Víkingur Skúlason. Hann mun vinna áætlanir um félagsstarfsemina í samráði við nemendaráð.

Mínt er á að sömu umgengnisreglur gilda í félagsstarfi nemenda og í skólanum og eru reykingar og notkun áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð.

Bekkjarskemmtanir

Umsjónarkennarar munu standa fyrir bekkjarskemmtunum í samvinnu við nemendur sína. Það er markmið skólans að foreldrar verði virkir þátttakendur á bekkjarskemmtunum og taki þátt í undirbúningi þeirra.

Tónlistarskóli

Í stað hefðbundinnar tónmenntarkennslu fá nemendur 1. bekkjar tónlistarkennslu eins og þeir væru í forskóla 1 í Tónlistarskólanum. Geirprúður F Bogadóttir frá Tónlistarskólanum sér um þessa kennslu. Tónlistarskólinn hefur þrjár kennslustofur í skólanum sem þeir nota til hljóðfærakennslu.

Starfsáætlun Heiðarskóla skólaárið 1999-2000

Samstarfsdagar kennara utan kennslutímabils.	25. ágúst - 31. ágúst og 1. júní
Skólasetning	1. sept.
Kennsla hefst samkvæmt stundarskrá	2. sept.
Einkaviðtöl við sex ára nemendur og foreldra þeirra	2. sept.
Kennarafundir	1. föstudag hvers mánaðar, oftast ef þörf krefur
Kennararáðsfundir	4. föstudag hvers mánaðar.
Árgangafundir/samráðsfundir	2. og 3. föstudag hvers mánaðar
Nemendaráðsfundir	Hvern föstudag
Stofnun foreldrafélags við Heiðarskóla	21. sept.
Skólakynning fyrir foreldra	28. og 29. sept.
Samþættingardagar	Óákveðið
Vettvangsferðir	Ákveðnar í samráði við kennara
Skiðaferðalög og vorferðir	Ákveðnar í samráði við kennara
Óvissuferð 10. bekkjar	3. og 4. maí
Jólaskemmtanir í 1.-10. bekk	17. des.
Haustannarlök	20. Jan.
Afhending haustannareinkunna	Í síðustu kennslustund 28. jan.
Vetrarfrí vegna þriggja daga umfram 175 á skólaárinu	29. okt., 1. nóv og 20. des
Samstarfsdagar á skólaárinu	27. sept., 23. nóv., 21. jan., 8. mars, 30. maí.
Samræmd próf í 4. og 7. bekk	18. og 19. okt.
Samræmd próf í 10. bekk	27. og 28. apríl, 2. Og 3. maí
Prófdagar 8.-10. bekk:	17.18.19. og 20. janúar
4.-7. bekk:	19. og 20. janúar
7.-10. bekk:	22.23.24.25. og 26. maí
1.-6. bekk	25. og 26. maí
Árshátíð nemenda	Ótímasett
Útivistardagur fyrir 1.-10. bekk	29.maí
Skólaslit	31.maí

Skólareglur í Heiðarskóla

Við í Heiðarskóla;

- ✓ Mætum stundvíslega í skólann. - Foreldrar eða forráðamenn tilkynna veikindi eins fljótt og kostur er á skrifstofu skólans.
- ✓ Komum fram af kurteisi og förum að fyrirmælum starfsfólks skólans.
- ✓ Göngum vel um bæði úti og inni.
- ✓ Förum vel með eigur skólans, eigin eigur og annarra.